



Vátryggingafélag Íslands hf.

Árshlutareikningur fyrsta ársfjórðungs 2016

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrsta ársfjórðung 2016 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 3. maí 2016. Reikningurinn hefur ekki verið kannaður eða endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður

- Hagnaður af rekstri nam 145 m.kr. samanborið við 733 m.kr. hagnað fyrir sama tímabil 2015.
- Samsett hlutfall var 104,5% en var 105,2% á sama tíma í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 435 m.kr. samanborið við 1.113 m.kr. 2015

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Afkoma félagsins á fyrsta ársfjórðungi var undir væntingum þrátt fyrir ágætan vöxt í innlendum iðgjöldum, en bókfærð iðgjöld innanlands hækkuðu um 11% frá sama tímabili í fyrra. Afkoman litast af slakri afkomu af skaðatryggingastarfsemi en tap er af bæði frjálsum og lögboðnum ökutækjatryggingum á tímabilinu. Fjárfestingastarfsemin innanlands gekk vel og var ávöxtun þeirra eigna 2,2% á fjórðungnum. Nokkuð gengis- og gjaldmiðlatap varð hins vegar af erlendum eignum félagsins eða um 300 milljónir króna. Félagið hefur dregið úr erlendri stöðu sinni á fjórðunginum.“

Arðgreiðsla

Aðalfundur félagsins sem haldinn var þann 16. mars s.l. samþykkti arðgreiðslu að fjárhæð 2.067 m.kr. sem greidd var til hluthafa þann 15. apríl s.l. Gjaldþolshlutfall í lok mars var 1,86.

Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 m.kr. en útgáfa skuldabréfanna er liður í endurskipulagningu á fjármagnsskipan félagsins og tilheyrir hún eiginfjárbætti 2.

Horfur

Gert er ráð fyrir að ágætur vöxtur verði í iðgjöldum á árinu og reiknað er með að samsett hlutfall á árinu 2016 verði lægra en það var á árinu 2015.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 4. maí n.k. kl. 8:30. Þar kynni Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum. Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

<u>Viðburður</u>	<u>Dagsetning:</u>
Fyrsti ársfjórðungur	3. maí 2016
Annar ársfjórðungur	25. ágúst 2016
Þriðji ársfjórðungur	26. október 2016
Ársuppgjör 2016	23. febrúar 2017
Aðalfundur 2017	16. mars 2017

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.



Helstu niðurstöður og lykiltölur fyrsta ársfjórðungs 2016

	m.kr.	1F 2016	1F 2015
Rekstur	Iðgjöld tímabilsins	4.307	3.959
	Eigin iðgjöld	4.142	3.800
	Fjármunatekjur	435	1.113
	Heildartekjur	4.618	4.953
	Tjón tímabilsins	-3.413	-3.103
	Eigin tjón	-3.385	-3.154
	Rekstrarkostnaður	-1.089	-976
	Virðisrýmun óe. eigna	0	0
	Heildargjöld	-4.513	-4.134
	Hagnaður	145	733
Hlutföll	Tjónahlutfall	79,3%	78,4%
	Eigið tjónahlutfall	81,8%	83,0%
	Kostnaðarhlutfall	22,1%	21,5%
	Endurtr.kostnaðarhlutfall	3,2%	5,3%
	Samsett hlutfall	104,5%	105,2%

	m.kr.	2016	2015
Efnahagur	Eignir		
	Fjárfestingar	32.534	32.206
	Laust fé	4.603	1.428
	Viðskiptakröfur	8.477	5.482
	Aðrar eignir	6.104	5.758
	Eignir samtals	51.718	44.874
	Skuldir		
	Eigið fé	15.630	17.552
	Vátryggingaskuld	27.419	23.466
	Aðrar skuldir	8.669	3.856
Skuldir samtals	51.718	44.874	
Hlutföll	Eiginfjárlutfall	30,2%	39,1%
	Arðsemi eigin fjár	3,4%	11,3%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu (SII) fyrir arðgreiðslu	1,86	1,54

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.